

Vesturbyggð  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfirði



Reykjavík 21. október 2015  
UST201510-041/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing. Tillögur að deiliskipulagi við Brjánslæk.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillagna að deiliskipulagi við Brjánslæk.

Ofangreint erindi nær yfir lýsingu tveggja tillagna sem eru eftirfarandi: Tillaga að deiliskipulagi við Brjánslæk, Brjánslækjarhöfn (BH) og Flókatóftir (FT). Tillaga að deiliskipulagi á svæði prestseturs (PS) við Brjánslæk. Í lýsingu kemur fram að engin nýleg uppbygging hafi átt sér stað á svæðinu, og að tilgangur deiliskipulagstillagnanna er áætlun um uppbyggingu á ferðaþjónustu og styrkja höfnina frekar í sessi.

### **Náttúruminjar**

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreind áætlun er lýsingin nær til er innan þess svæðis sem lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 nær til. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar og taka ákvæði laganna til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Odbjarnarsker, Staglej og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

### **Norðurhluti skipulagssvæðis**


Í lýsingu kemur fram að gerð er tillaga að nýjum varnargarði u.þ.b. 123 m löngum, og breikkun á núverandi varnargarði og nýja staðsetningu fyrir flotbryggju fyrir smábáta. Þar sem áætlaðar framkvæmdir eru á verndarsvæði Breiðafjarðar, falla þær undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 1. viðauka lið 10.13 Hafnir og viðlegubryggjur utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Áætlaðar framkvæmdir falla því undir B flokk og eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem framkvæmdir sem geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Einnig kemur fram að áætluð er gerð landfyllingu austan núverandi fiskvinnsluhúss á svæði sem einnig fellur undir vernd Breiðarfjarðar.

Umhverfisstofnun bendir á að við gerð skipulagsáætlana á því svæði sem um getur í 2. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar skulu sveitarfélög leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Í skipulagsáætlunum ber að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar.


Þar sem áætlunin felur í sér hafnarframkvæmdir og landfyllingu í fjöru, bendir Umhverfisstofnun einnig á lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sem hafa að markmiði að vernda hafið og stendur landsins,

### Frístundabyggð

Í lýsingu kemur fram að frístundabyggð er áætluð á svæði merkt F6 vestan við prestbústað og kirkju. Umhverfisstofnun bendir á að huga mætti að dreifingu smáhýsa á annan hátt en í beinum röðum, en slíkar beinar raðir smáhýsa fara mis vel í íslenskri náttúru og geta mögulega haft neikvæð sjónræn áhrif.

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur